

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM
NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG
ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS UM
VIKURNÁM Í HEKLUHAFI
VIÐ BÚRFELL Í GNÚPVERJAHREPPI

1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar vikurnám í Hekluhafi við Búrfell í Gnúpverjahreppi, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaraðili: Vikurvörur ehf.

Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu: Vikurnám Vikurvara ehf. í Hekluhafi við Búrfell í Gnúpverjahreppi samkvæmt sérvinnsluleyfi útgefnu af iðnaðarráðuneytinu dags. 1. júlí 1998. Á námasvæðinu er áætlað að taka allt að 2.800.000 m³ af vikri á næstu 20 árum eða 80.000-140.000 m³ á ári.

Markmið framkvæmdar: Að nýta vikur á vikursvæðunum við Búrfell með þeim hætti að tryggt sé að sem allra mest af vikri nýtist til vinnslu en markmið vikurvinnslu hefur almennt verið að nema vikur og vinna hann til sölu innanlands og utan auk áframhaldandi vöruþróunar.

Frumathugun: Þann 20. desember 1999 tilkynntu Vikurvörur ehf. framkvæmdina til Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 5. janúar 2000 í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og Sunnlenska fréttablaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 5. janúar til 9. febrúar 2000 á skrifstofu Gnúpverjahrepps. Einnig í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Ein athugasemd barst á kynningartíma. Leitað var umsagna Gnúpverjahrepps, Náttúruverndar ríkisins og Landgræðslu ríkisins. Þá var framkvæmdin kynnt Hollustuvernd ríkisins og Þjóðminjasafni Íslands.

Gögn lögð fram við frumathugun:

Frummatsskýrsla: Vikurnám í Hekluhafi við Búrfell. Frummat á umhverfisáhrifum. Línuhönnun verkfræðistofa, október 1999.

Önnur gögn: Svör framkvæmdaraðila við umsögnum og athugasemd, dags. 13. og 14. febrúar 2000.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags. 10. janúar 2000, svör við fyrirspurn Skipulagsstofnunar, dags. 5. janúar 2000.

2. UMSAGNIR

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Gnúpverjahreppi, dags. 7. febrúar, 2000.

Náttúruvernd ríkisins, dags. 27. janúar 2000.

Landgræðslu ríkisins, dags. 21. janúar 2000.

3. ATHUGASEMDIR

Ein athugasemd barst á kynningartíma:

Bryndís G. Róbertsdóttir, dags. 9. febrúar 2000.

4. UMHVERFISÁHRIF VIKURNÁMS Á HEKLUHAFI VIÐ BÚRFELL Í GNÚPVERJAHREPPI

4.1 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í frummatsskýrslu eru kynnt áform um framhald vikurnáms á Hekluhafi við Búrfell í Gnúpverjahreppi. Áætlað er að vinna námusvæðið samkvæmt sérvinnsluleyfi sem iðnaðarráðuneytið gaf út til Vikurvara ehf. þann 1. júlí 1998 í samræmi við 12. gr. námulaga nr. 24, 17. apríl 1973. Í sérvinnsluleyfinu er námusvæðið skilgreint sem svæði utan eignarlanda austan Búrfells í Gnúpverjahreppi og vestan Þjórsár en svæðið er um 140 ha.

Í gildi er Aðalskipulag Gnúpverjahrepps 1993-2013 en þar er gert ráð fyrir fólkvangi í Þjórsárdal og nær hann einnig yfir Búrfell og austur að Þjórsá. Framkvæmdasvæðið er því á svæði sem merkt er fólkvangur, þó hann hafi ekki verið stofnaður formlega. Á grunnkortu skipulagsins eru einnig merktir inn vegslóðar og námuvinnsla á framkvæmdasvæðinu.

4.1.1. Vikurnámur og vinnsla

Árið 1998 fór fram endurnýjun á starfsleyfi Vikurvara ehf. Í tengslum við endurnýjun starfsleyfis var gerður samningur um sérvinnsluleyfi til ársins 2018 milli Vikurvara ehf. annars vegar og iðnaðarráðuneytisins hins vegar en vikurnám hefur farið fram á umræddu svæði frá árinu 1969. Vinnsla á líparítvikri fer fram í námum félagsins og er sá vikur sem unninn er aðallega tekinn úr vikurlögum sem nefnd eru Hekla-1 og Hekla-3. Athuganir Gosefnanefndar á lausum jarðlögum á svæðinu benda til þess að það magn efnis sem unnt sé að taka sé um 4.000.000 m³ og er þá miðað við um 150.000 m³ á ári. Framkvæmdaraðili áætla efnistöku á ári 80 – 140.000 m³ meðan sérvinnsluleyfið gildir, þ.e. næstu 20 ár. Heildarmagn efnistöku mun því nema alls frá 1.600.000 m³ til 2.800.000 m³.

Námusvæðinu á Hekluhafi er skipt upp í afmarkaða vinnsluteiga í samræmi við reglugerð nr. 514/1995 um vinnslu og nýtingu vikurs. Mismunandi vinnsla fer fram í hverjum teig fyrir sig. Vinnsluferlið er í grófum dráttum þannig að fyrst er ýtt ofan af vikrinum um 80 cm þykku lagi af foksandi og vikri og síðan er mokað beint úr vikurstálinu á flutningabíla.

Þegar unnið hefur verið úr stálinu standa eftir vikurhaugar og þarf að meta hvort endurvinnna skuli þá eða ekki. Viðmið vegna slíks mats er að finna í áðurnefndri reglugerð um vinnslu og nýtingu vikurs. Endurvinnsla fer þannig fram að vikurinn er skolaður með vatni og hreinsaður án kemískra efna. Því efni sem ekki er hægt að endurvinnna, svokölluðu frákastefni, er ýtt út á botn námunnar og það sléttað út. Endurvinnsla fer fram undir eftirliti eftirlitsverkfræðings. Frágangi vinnslusvæða er hagað í samræmi við ákvæði reglugerðar 514/1995 um vinnslu og nýtingu vikurs.

4.1.2. Rekstur á námusvæðinu

Samkvæmt frummatsskýrslu samanstendur tækjabúnaður í námu aðallega af 23ja tonna hjólaskóflu, 42ja tonna beltagröfu, þvottahörpu, vatnsdælum og ljósavél. Hjólaskóflan er aðallega notuð til þess að moka efni í þvottahörpu en beltagrafan til að moka á flutningabíla. Þá eru í námunni fjórir olútankar. Olía er sett á tæki við vinnuskúr starfsmanna og er fyrirhugað að steypa plan sem tengjast muni olúskilju.

Sorp í námunni er meðhöndlað í samræmi við heilbrigðisreglugerð og er það flutt með vikurflutningabílum til Þorlákshafnar en ekki urðað á staðnum. Þá er á staðnum 1800 lítra rotþró sem samræmist leiðbeiningum frá Hollustuvernd ríkisins.

Nýbyggð 24 kW rafstöð þjónar starfsmannaaðstöðu og er vatni til neyslu og vinnslu dælt úr uppsprettum við Bjarnalæk. Um 50 tonnum er dælt á klst. eða sem svarar til 14 lítrum á sekúndu þegar skolun á vikri fer fram. Neysluvatni er dælt í vatnstanka sem eru neðanjarðar.

4.1.3 Flutningur vikurs

Frummatsskýrsla gerir grein fyrir fyrirkomulagi vikurflutninga en samkvæmt henni fara flutningabifreiðar 12-18 ferðir á dag til Þorlákshafnar og eru u.þ.b. 40-45 m³ fluttir í hverri ferð. Flutningarnir dreifast yfir 170-200 daga tímabil og eru samtals farnar um 2500-3000 ferðir á ári.

4.1.4 Vikurvinnsla í Þorlákshöfn

Samkvæmt frummatsskýrslu verður frágangi á lóð Vikurvara ehf. við Nesbraut 5, Þorlákshöfn, hagað í samræmi við gildandi deiliskipulag bæjarins en verið er að ljúka frágangi eftir flutning fyrirtækisins. Ný lóð fyrirtækisins er í mun meiri fjarlægð frá íbúðarbyggð og fiskvinnslu en sú sem það hafði áður til umráða. Umrædd lóð er á iðnaðarsvæði sem er skipulagt fyrir grófefnavinnslu og hafa engar skriflegar kvartanir borist byggingarfulltrúa vegna ryk- eða hávaðamengunar.¹

4.2. ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

Samkvæmt frummatsskýrslu fara fáir ferðamenn um svæðið sem hér um ræðir. Göngumenn séu lítið á ferli en hestaferðir séu farnar um nágrenni svæðisins án þess þó að farið sé inn á Hekluhafnið sjálft. Mjög hafi dregið úr því að hópar nemi staðar á þessum slóðum. Þá séu engir þekktir jeppavegir né slóðar í nágrenninu fyrir utan vegaslóða þann sem liggja inn á námusvæðið.

¹ Viðauki 11 með frummatsskýrslu, bréf skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Ölfuss, dags. 15. desember 1999.

Náttúruvernd ríkisins telur ekki rétt að gera lítið úr ferðamennsku á svæðinu þar sem í nágrenninu sé fjölsóttir ferðamannastaðir þó ekki sé leyfilegt að fara um vikurvinnslusvæðið. Ætla megi að Hafíð og hlíðar Búrfells gætu orðið aðlaðandi til útivistar með viðeigandi aðgerðum en erfiðara að sjá hvernig þau áform samræmist áformum um námuvinnslu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að umferð um námuvinnslusvæðið er ekki bönnuð, ferðamönnum sé bent á að þeir fari þar um á eigin ábyrgð og fara þarf í gegnum virkjunarsvæði inn á Hafíð. Bjarnalækur og Bjarnalón hindri umferð ferðamanna upp í hlíðar Búrfells. og ferðamenn sem aki Landveg sjái ekki vinnslusvæðið og megi telja það nokkuð fyrir utan alfaraleið.

Í frummatsskýrslu kemur fram að heildarfjöldi þeirra sem hafi atvinnu beint eða óbeint af vikurnáminu sé á milli 30-40 og því séu atvinnuskapandi áhrif starfseminnar jákvæð auk þess sem vikurvinnslan afli hlutaðeigandi sveitarfélögum og ríkissjóði tekna.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að ekkert sé fjallað um þjóðhagslega hagkvæmni, tekjur sveitarsjóðs eða ríkisins af framkvæmdinni og hagkvæmni ætti að skoða í samhengi við vegagerð, umhverfisspjöll og áform um stofnun fólkvangs. Þá séu ekki metin umhverfisáhrif flutninganna t.d. kolefnislosun.

Skipulagsstofnun sendi Heilbrigðiseftirliti Suðurlands fyrirspurn um hvort olútankar og rotþró á námasvæðinu hefðu komið til umfjöllunar embættisins. Í svari Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram að ekki hefur verið veitt starfsleyfi fyrir umræddri starfsemi og ekki sé kunnugt um mengunarvarnir vegna olúbirgða né fráveitu fyrirtækisins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirtækið hafi ekki haft starfsleyfi fram að þessu, heldur gildi um vinnsluna reglugerð nr. 514/1995.

4.3 ÁHRIF Á JARÐMYNDANIR OG LANDSLAG

Í frummatsskýrslu kemur fram að á Hekluhafi megi sjá svarta eyðisanda, þykk vikurlög og gróðursnauda mela. Þar sé um að ræða sléttent landslag, myndað úr hraunum sem hulin séu ösku og vikri úr gosum Heklu. Námavinnsla hafi verið á svæðinu frá árinu 1969 og því sé ekki um ósnortið landsvæði að ræða þar sem vinnslan hafi haft áhrif á ásýnd landsins á nyrsta hluta þess. Efstu 3-4 metrarnir hafi verið teknir ofan af Tungnárhrauni við námavinnsluna, svæðið sléttað og mótað sem líkast upprunalegu landslagi. Gert er ráð fyrir því að gengið verði frá vinnslusvæðum í samræmi við gildandi reglugerð nr. 514/1995 um vinnslu og nýtingu vikurs og landið mótað þannig að það líkist náttúrulegu landslagi á svæðinu. Samkvæmt frummatsskýrslu er hvorki að finna sérstakar né sjaldgæfar jarðmyndanir á Hekluhafi og ekki sé talin ástæða til að grípa til sérstakra mótvægisáðgerða vegna vatnafars þar sem námavinnslan sé ekki talin hafa nein skaðleg áhrif þar á.

Hreppsnefnd Gnúpverjahrepps bendir á að elstu samningar um vinnslu vikurs hafi verið gerðir fyrir 1950. Þá er tekið fram að í framkvæmdaleyfi muni verða lögð áhersla á að skilyrðum og reglum um endurvinnslu og frágang verði fullnægt.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að með skýrslunni fylgir engin greinargerð jarðfræðings. Jarðfræði svæðisins hljóti að teljast afar merkileg. Telur stofnunin eðlilegt að gerð væri áætlun um verndun og nýtingu á vikri og landi, vestan Heklu í

heild sinni. Bent er á að landslagi hefur verið spillt með námuvinnslunni og telur stofnunin eðlilegt að gerð sé krafa um að frágangi svæða sem búið er að vinna, verði komið í viðunandi horf áður en áframhaldandi vinnsla verður leyfð. Rétt sé að fastsetja í samvinnu við stofnunina hversu mikið af bökkum Þjórsár og Bjarnalækjar skuli hlífa með tilliti til landslagsverndar. Bent er á að hvorki sé lagt mat á sérstöðu vikursins sem jarðfræðifyrirbrigðis né vísindalegt gildi svæðisins. Nýtingu auðlindarinnar og landslagsvernd þurfi að skoða í samhengi.

Í svörum framkvæmdaraðila er því vísað á bug að jarðfræðilegt mat vanti í skýrsluna. Jarðlagið Hekla 3 megi segja að sé merkilegt í vissum skilningi sem viðmiðunarlag í aldursgreiningum en aðeins sé verið að taka það burt á afmörkuðu svæði og það ekki talið breyta gildi þess til aldursgreininga á heildina litið.

Landgræðsla ríkisins telur umfjöllun um magn vikurs ábótavant og bendir á að miðað við vinnsluþykkt 2,8 m og árlega vinnslu 140.000 m³ muni efnistakan aðeins ná til 60% af fyrirhuguðu vinnslusvæði. Umfjöllun um hvernig fyrirhugað sé að standa að vinnslu jarðefnisins svo sem skilt sé skv. ákvæðum laga nr. 44/1999 og reglugerðar nr. 514/1995 sé ekki viðunandi. Þá er bent á að á yfirlitskortu vanti upplýsingar um framhald vinnslunnar og vinnsluteigar sem sýndir eru sýni ekki árleg vinnslusvæði.

Bryndís G. Róbertsdóttir bendir á þrennskonar jarðmyndanir á svæðinu sem ýmist séu sjaldgæfar, sérstakar eða óvenjulegar og hafi rannsóknagildi. Í fyrsta lagi gjóskulagið H-3 sem hafi mikið rannsóknagildi og m.a. hafi áhrif þess á gróður og jarðveg lítið verið rannsökuð og því nauðsynlegt að hafa nægan efnivið til rannsókna næst fjallinu. Í öðru lagi hafi mörg öskulög fundist í jarðvegssniðum á svæðinu og þar á meðal H-1104 sem unnið sé að rannsóknnum á og mikilvægt sé vegna rannsókna nú og í framtíðinni að einhver sýnishorn verði eftir á svæðinu. Í þriðja lagi Tungnaárhraun sem sé á heimsmælikvarða hvað varðar stærð og hve langt frá upptökum það hefur runnið. Þá gerir hún athugasemdir við að ekkert kemur fram um rannsóknir á fyrirhuguðu vinnslusvæði og telur þær forsendur fyrir ákvörðun um mörk svæðisins. Gerir hún tillögur um staðsetningu 8 rannsóknahola og að mörk vikurnámssvæðisins liggi alls staðar a.m.k. 200 m frá bökkum Þjórsár og 100 m frá Bjarnalæk. Til stuðnings þessu bendir hún á að Ágúst H. Bjarnason og Jóhann Óli Hilmarsson sem rannsökuðu gróður og dýralíf á svæðinu leggi áherslu á varðveislu gróðurlenda á vatnsbökkum og sjónrænt skipti varðveisla þeirra einnig miklu máli. Við frágang verði efni ýtt upp að stálinu en yfirborði svæðis utan námujaðarsins ekki skemmt með jarðýtum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að kröfur um 200 m fjarlægð frá bökkum Þjórsár og 100 m frá Bjarnalæk jafngildi alvarlegri röskun á allri starfsemi. Fallist er á að Hekluvikurinn sé í sjálfu sér nokkuð merkilegt fyrirbæri en hann sé útbreiddur utan vinnslusvæðisins og ekki hafi verið hróflað við mikilvægum sniðum jarðfræðinga. Ef við vinnsluna komi fram merkar jarðfræðiminjar sé sjálfsagt að láta jarðfræðinga vita. Frekari rannsóknir séu ekki taldar bein forsenda áframhaldandi vikurnáms og þær megi gera á vinnslutímanum.

4.4. ÁHRIF Á GRÓÐUR OG DÝRALÍF

Í frummatsskýrslu kemur fram að bersvæðisgróður sé einkennandi fyrir Hekluhaf en að óslitin gróðurþekja sé afar lítil. Einna helst sé hún með bökkum Þjórsár, en á tveimur stöðum teygi samfelldur gróður sig inn á vikurbreiðurnar. Hvergi hafi fundist

tegurdir sem séu í hættu eða svo sérstæðar fyrir svæðið að þeim beri að hlífa. Tekið er fram að gróðursvæðum við Þjórsá og á bökkum Bjarnalækjar verði hlíft en verði einhver hluti samfelldrar gróðurþekju á svæðinu tekinn burt verði séð til þess að samsvarandi svæði verði grætt aftur upp. Ekki sé ákjósanlegt að ráðast í uppgræðslu alls svæðisins í heild sinni. Samkvæmt frummatsskýrslu er fuglalíf á fyrirhuguðu vinnslusvæði fábrotið.

Samkvæmt frummatsskýrslu er lítið fok á Hekluhafi. Þegar hvasst er, einkum í norðaustanátt, fjúki þó finn sandur af Tungnaárvæðinu norðan og norðaustan Búrfells. Ekki er þó talið að sérstök fokhætta stafi af vikurnáminu sjálfu ef þess verði gætt að ganga frá frákastshaugum á viðeigandi hátt í kjölfar efnistöku. Þá eigi ekki að fjúka úr vinnsluteigum að loknum frágangi.

Náttúruvernd ríkisins ítrekar að grónum bökkum Þjórsár og Bjarnalækjar verði undantekningarlaust hlíft.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki verði hróflað við bökkum Þjórsár og Bjarnalækjar þar sem núverandi gróðurlendi eru.

Landgræðsla ríkisins bendir á að vinnslusvæðið sé hluti mun stærra svæðis þar sem fram hafi farið uppgræðsla og gróður sé þar í framför. Náman kunni í framtíðinni að verða uppspretta meginhluta þess sandryks sem berst niður í byggð. Bent er á að vikur muni hafa fokið yfir Þjórsá vestan Búrfells og valdið gróðureyðingu. Vikurfok af námusvæðinu gæti auðveldlega farið yfir þurran farveg Þjórsár inn á þetta sama svæði þar sem er í gangi sérstakt átak í landgræðslu.

Hreppsnefnd Gnúpverjahrepps, hefur kynnt sér athugasemdir Landgræðslu ríkisins og er sammála þeim í öllum meginatriðum.

Í svörum framkvæmdaraðila er bent á að á vinnslusvæðinu hafi aldrei farið fram uppgræðsla og að vikur vestan Búrfells sé mun finni og rokgjarnari en á vinnslusvæðinu austan þess.

Náttúruvernd ríkisins telur að frágangur á námum og val á uppgræðsluplöntum ætti að vera í samvinnu við stofnunina. Bent er á að framkvæmdaraðili telji möguleika á að vinna vikur á svæði með samfellda gróðurþekju og muni þá gangast fyrir uppgræðslu á „samsvarandi“ svæði en skilgreiningu vanti á því hvernig það ætti að framkvæma.

Landgræðsla ríkisins fer fram á að brúnir í námum verði jafnaðar niður í lok hvers vinnslutímabils eða þegar vinnslu er lokið í hverjum vinnsluteig. Við lokafrágang nýttara svæða verði sáð fræi melgresis og túnvingli í allt hreyft land og borið á þar til varanleg gróðurframvinda er komin af stað. Leitað verði álits stofnunarinnar varðandi áætlun um efnistöku, einkum hvað varðar frágang og um opnun nýrra vinnsluteiga.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að meiri áhugi sé á að gefa náttúrulegum gróðri tækifæri til að ná sér á strík á svæðinu að lokinni vinnslu í stað sáningar melgresis. Bent er á mikilvægi þess að vikur haldist hreinn meðan á vinnslu stendur til þess að hann sé nýtanlegur í byggingariðnaði.

5. NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

Vikurvörur ehf. hafa tilkynnt til frumathugunar vikurnám á Hekluhafi við Búrfell í Gnúpverjahreppi. Námusvæðið, sem er utan eignarlanda austan Búrfells í Gnúpverjahreppi og vestan Þjórsár, er samkvæmt sérvinnsluleyfi útgefnu af iðnaðarráðuneytinu og gildir frá 1. júlí 1998 til 1. júlí 2018, en svæðið er um 140 ha. Markmið framkvæmdarinnar er að nýta vikur á vikursvæðunum við Búrfell með þeim hætti að tryggt sé að sem allra mest af honum nýtist til vinnslu.

Fram hefur komið að hagkvæmni framkvæmdarinnar ætti að skoða í samhengi við umhverfisspjöll og hugsanlegan ávinning af stofnun fólkvangs á svæðinu. Í mati á umhverfisáhrifum hliðstæðra framkvæmda hefur, fram til þessa, ekki verið gerð sú krafa að framkvæmdaraðili sýni fram á hagkvæmni framkvæmdar í ljósi ofangreindra atriða og telur skipulagsstjóri ríkisins að í ljósi jafnræðis sé ekki grundvöllur til að krefjast þess í þessu tilfelli.

Vikursvæðin í nágrenni Heklu að Rangárbotnum eru á náttúruminjaskrá en ekki vestan Þjórsár þar sem námusvæðið er. Heildaráætlun um verndun og nýtingu vikurs vestan Heklu hefur ekki farið fram. Í nágrenni námusvæðisins er fjölfarin ferðamannaleið og sést þaðan yfir á námusvæðið.

Af gögnum málsins er ljóst að rannsóknir á vikri á fyrirhuguðu vinnslusvæði eru takmarkaðar hvað varðar magn efnis, gerð þess, verndar- og vísindalegt gildi.

Fyrirhugað námusvæði er samkvæmt matsskýrslu um 140 ha og miðað við áform framkvæmdaraðila, um heildarmagn vikurnáms, má ætla að svigrúm sé til þess að takmarka námusvæðið enn frekar.

Fram hefur komið tillaga um að 200 m breitt belti verði skilið eftir meðfram Þjórsá og 100 m meðfram Bjarnalæk eða um ¼ af flatarmáli fyrirhugaðs vinnslusvæðis. Skipulagsstjóri telur ekki rök fyrir að ganga svo langt en megináherslu beri að leggja á að eftir verði óraskað svæði meðfram Þjórsá. Mörk vinnslusvæðisins verði ákveðin í samráði við Náttúruvernd ríkisins og haft að megináhrifum að hlífa sem best því gróðurlendi sem er við Þjórsá og Bjarnalæk, byrgja sýn frá Landvegi inn á námusvæðið og halda eftir hluta vikursvæðisins sem jarðmyndun er geti nýst til vísindarannsókna. Gengið verði frá jöðrum námunnar með aflíðandi fláa frá stálinu án þess að raska yfirborði ósnortna svæðisins.

Dregið verði úr hættu á foki úr vinnslusvæðum með vandaðri umgengni, opin vinnslusvæði verði takmörkuð eins og kostur er og jaðrar vinnsluteiga jafnaðir niður eins fljótt og auðið er.

Að mati skipulagsstjóra ríkisins er ekki hætta á grunnvatnsmengun vegna starfseminnar ef meðferð olíu verður samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þarf að sækja um framkvæmdaleyfi til hreppsnefndar Gnúpverjahrepps. Framkvæmdaraðila er skylt að gera áætlanir um vinnslu og frágang á námusvæðunum skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, fara að ákvæðum reglugerðar um nýtingu og vinnslu vikurs nr. 514/1995 og sérvinnsluleyfi frá iðnaðarráðuneytinu. Með því er talið að fullnægjandi frágangur verði tryggður á svæðinu. Haft verði samráð við Landgræðslu ríkisins við lokafrágang námusvæðisins.

Framkvæmdin er ekki í samræmi við Aðalskipulag Gnúpverjahrepps 1993-2013. Breyta þarf aðalskipulaginu þannig að gert verði ráð fyrir efnistökusvæði á Hekluhafi.

Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila lögðum fram við frumathugun, umsagna, athugasemdar og svara framkvæmdaraðila við þeim er það mat skipulagsstjóra ríkisins að fyrirhugað vikurnám Vikurvara ehf. á Hekluhafi austan Búrfells í Gnúpverjahreppi muni ekki hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag.

6. ÚRSKURÐARORÐ

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila ásamt umsögnum, athugasemd og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Með vísun til niðurstöðu skipulagsstjóra ríkisins sem gerð er grein fyrir í 5. kafla þessa úrskurðar er fallist á vikurnám á Hekluhafi austan við Búrfell í Gnúpverjahreppi, eins og framkvæmdinni er lýst í frummatsskýrslu og viðbótargögnum framkvæmdaraðila með því skilyrði að mörk vinnslusvæðisins verði ákveðin í samráði við Náttúruvernd ríkisins.

7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. apríl 2000.

Reykjavík, 1. mars 2000

Stefán Thors

Hólmfríður Sigurðardóttir